



20. febrúar 2025
Tilv.: 2502139

Kæri framkvæmdastjóri

Hinn 6. febrúar sl. birti Seðlabanki Íslands **stefnumarkandi áherslur í fjármálaeftirliti fyrir árin 2025 til 2027**. Áherslunum er ætlað að vera leiðarljós við forgangsröðun verkefna fjármálaeftirlits og endurspeglast þær m.a. í árlegri verkáætlun fjármálaeftirlits Seðlabankans.

Með birtingu á stefnumarkandi áherslum leitast fjármálaeftirlitið við að upplýsa haghafa um áherslur fjármálaeftirlitsins næstu árin með það að markmiði að veita betri innsýn í starfsemi fjármálaeftirlitsins og eftirlitsáætlanir og gefa þannig fjármálamarkaðinum tækifæri til að taka mið af þeim í starfsemi sinni. Stefnumarkandi áherslur 2025 til 2027 eru eftirfarandi:

- viðnámsþróttur
- net- og upplýsingatækniáhætta
- aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- ábyrgir viðskiptahættir
- stjórnarhættir
- loftslagsáhætta og upplýsingagjöf um sjálfbærniþætti.

Stefnumarkandi áherslurnar eru grunnur að árlegum forgangsmálum í fjármálaeftirliti og fylgir bréfi þessu stutt yfirlit yfir **forangsmál 2025**. Í yfirlitinu er farið yfir það hvernig unnið verður að forgangsmálum ársins sem gerir ykkur og öðrum eftirlitsskyldum aðilum kleift að bregðast við, eftir því sem tilefni þykir til.

Það er von mín að bréf þetta, meðfylgjandi fylgiskjal og stefnumarkandi áherslurnar á vef Seðlabankans veiti ykkur gagnlega innsýn í áherslur og helstu verkefni fjármálaeftirlits Seðlabankans næstu misserin.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Björt Sigurðsdóttir
varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits

Fylgiskjal: Forgangsmál í fjármálaeftirliti 2025